



Landssamband lögreglumanna

Grettisgötu 89 - 105 Reykjavík - Pósthólf 5006 - (91)624411 - Telefax (91)625011

Reykjavík 22. febrúar 1995

Alþingi

Erindi nr. D 118 / 1243

komudagur 22/2 1995

Allsherjarnefnd Alþingis
Þórshamri við Templarasund
101 REYKJAVÍK

Varðar: Frumvarp til laga um samræmda neyðarsímsvörun.

Hæstvirt Allsherjarnefnd.

Landssamband lögreglumanna þakkar það traust sem Allsherjarnefnd hefur sýnt sambandinu á liðnum árum með ósk um umsögn um hin margvíslegustu lagafrumvörp.

Það hefur vakið undrun meðal lögreglumanna að umsagnar hefur ekki verið óskað um frumvarp til laga um samræmda neyðarsímsvörun, hvorki af hálfu Landssambandsins né einstakra lögreglumanna svo vitað sé. Raunar gefur öll meðferð þessa máls ástæðu til að ætla að þess hafi sérstaklega gætt að lögreglan eða samtök lögreglumanna kæmu þar hvergi nærri.

Þetta er vægast sagt einkennilegt í ljósi þess að lögreglan hefur alla tíð annast neyðarsímsvörun í landinu. Lögreglan er víðast hvar eini aðilinn sem sinnir þessu verkefni þó svo í seinni tíð hafi fjölgað þéttbýlisstöðum þar sem föst vakt er hjá slökkviliði/sjúkraflutningsliði.

Framkvæmdastjórn Landssambands lögreglumanna varð þess vísari fyrir tilviljun að Allsherjarnefnd hefur nú frumvarp til laga um samræmda neyðarsímsvörun til umfjöllunar og leyfir sér hér með að koma á framfæri athugasemdum þar að lútandi.

Framkvæmdastjórn Landssambandsins lýsir ánægju sinni yfir því almennt að samræmdri neyðarsímsvörun verði komið á héraendis og telur augljóst að það auki öryggi borgaranna, ekki síst þeirra sem eru á ferð utan heimabyggðar og þekkja ekki staðbundin neyðarnúmer á hverjum stað.

Það er þó ýmislegt í frumvarpinu sem þykir athugasemdavert. **Framkvæmdastjórnin leggur áherslu á að skilgreint verði í frumvarpinu að fyrirhuguð vaktstöð verði í höndum lögreglu (og slökkviliðs).**

Hafa verður hugfast að yfirgnæfandi meirihluti allra aðstoðarbeiðna beinist til lögreglu, síðan sjúkraflutningaliðs og slökkviliðs. Það telst til undantekninga ef kalla þarf til björgunarsveitir og í flestum tilfellum er það gert í kjölfar afskipta lögreglu af málum og því vart um eiginleg neyðarútköll að ræða.

Lögregla (og slökkvilið) hafa annast neyðarsímsvörun um árabíl og byggist þjónustan því á mikilli reynslu. Þessir aðilar hafa á að skipa starfsfólki sem hefur menntun á þessu sviði og oftst mikla persónulega reynslu við úrlausnir verkefna á vettvangi. Slík reynsla er dýrmæt þegar á reynir, t.d. varðandi ráðgjöf um síma meðan beðið er aðstoðar. Reynslan sýnir einnig að leiðir lögreglu og sjúkraflutningsliðs/slökkviliðs liggja iðulega saman á vettvangi válegra atburða.

Stjórnstöð lögreglunnar í Reykjavík tekur daglaga á móti a.m.k. 300 símtölum en það jafngildir um eða yfir 120 þúsund símtölum árlega. Þessar tölur skýra sig sjálfar hvað varðar þessa þjónustu.

Stjórnstöðvar eru nú mannaðar allan sólarhringinn hjá lögreglu og slökkviliði/sjúkrafluningsliði í Reykjavík. Þessi starfsemi verður ekki lögð niður og má ætla að hagkvæmast fjárhagslega verði að samræma þessa þjónustu til móttöku í samræmdri neyðarsímsvörun.

Í raun kemur það ekki glögglega í ljós í frumvarpinu hvernig þjónustunni verði háttað en gert er ráð fyrir nánari fyrirmælum í reglugerð. Það verður þó ekki framhjá því litið að óhjákvæmilega hefur sá, sem er í beinu sambandi við tilkynnanda í neyðartilviki, ákveðna stjórnun á hendi varðandi aðgerðir. **Framkvæmdastjórnin mótmælir harðlega öllum áformum um að stjórnun lögreglu, í hvaða mynd sem er, verði færð í hendur á einkaaðilum** en frumvarpið í óbreyttri mynd gefur færi á slíku.


Það vekur athygli að í ákvæði 7. gr. frumvarpsins um þagnarskyldu starfsmanna eru án refsiviðurlaga. Með þessum hætti virðist ákvæðið marklaust og í engu samræmi við þær skyldur sem nú hvíla á opinberum starfsmönnum sem heyra undir ákv. laga nr. 38/1954, sbr. ákv. laga nr. 19/1940.


Framkvæmdastjórn Landssambands lögreglumanna fagnar því að tekin verði upp samræmd neyðarsímsvörun hér á landi en mótmælir því hins vegar harðlega hvernig ætlunin er að standa að framkvæmdinni sbr. frumvarp þetta. Vanda verður til framkvæmdarinnar og tryggja verður að þeim fjármunum sem ætlað er til þessa verkefnis verði varið til eflingar á þeim opinberu neyðarþjónustuaðilum sem eru í landinu í stað þess að færa fjármagnið til annarra aðila.

Virðingarfyllt
f.h. Landssambands lögreglumanna,


Jónas Magnússon, formaður


Jóhannes Jensson, varaformaður


Baldvin Einarsson, ritari


Óskar Bjartmarz, gjaldkeri